

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Ásólfsskáli, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. maí 2022 tillögu að deiliskipulagi á Ásólfsskála. Skipulagið nær yfir lóðirnar Ásólfsskáli 2, 3 og 4. Á lóðinni Ásólfsskála 4 verða skilgreindir 3 nýir byggingarreitir. Á B1 og B2 verður heimilt að byggja 2 íbúðarhús með bílskúr og á B3 verður heimilt að byggja áhaldahús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hólmaflöt, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. ágúst 2022 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hólmaflöt. Á byggingarreit B1 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, allt að 140 m<sup>2</sup> og á byggingarreit B2 er gert ráð fyrir tveimur 30 m<sup>2</sup> gestahúsum. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Sopi, deiliskipulagsbreyting.*

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti 23. júní 2022 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Sopa. Breytingin felst í því að bætt er við nýjum byggingarreit, B2, undir 100 m<sup>2</sup> aðstöðuhús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 26. september 2022.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2022